

Svar

fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn frá Karli Gauta Hjaltasyni um stjórnvaldssektir og dagsektir.

Af stofnunum ráðuneytisins hafa fimm heimild til að leggja á stjórnvaldssektir og dagsektir en það eru Fjármálaeftirlitið, ríkisskattstjóri, skattrannsóknarstjóri, tollstjóri og yfirskattanefnd. Hér á eftir koma svör fyrrgreindra stofnana.

1. Hver var fjöldi ákvarðana um stjórnvaldssektir annars vegar og dagsektir hins vegar í þeim stofnunum sem heyrðu undir ráðherra á árabílinu 2011–2018?

	Fjöldi á ári								Samtals
	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	
Fjármálaeftirlitið									
<i>Stjórnvaldssektir</i>	3		7	1	2	3	3	1	20
<i>Dagsektir</i>	49	9	17	5	2	4	8	4	98
<i>Sáttir</i>	5	2	11	7	4	9	8	5	51
Ríkisskattstjóri									
<i>Stjórnvaldssektir</i>	3.296	1.417	1.819	2.124	1.328	1188	7.066	4.795	23.033
Skattrannsóknarstjóri									
<i>Stjórnvaldssektir</i>	23	32	16	16	10	18	27	11	153
Tollstjóri									
<i>Stjórnvaldssektir</i>								13	13
Yfirskattanefnd									
<i>Stjórnvaldssektir</i>	38	31	29	39	38	25	22	35	257

2. Hversu margir voru þolendur ákvarðananna, skipt í einstaklinga og lögaðila?

	Fjöldi þolenda ákvarðananna								Samtals
	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	
Fjármálaeftirlitið									
<i>Einstaklingar</i>			6	1					7
<i>Lögaðilar</i>	57	11	29	12	8	16	19	10	162
Samtals	57	11	35	13	8	16	19	10	169
Ríkisskattstjóri									
<i>Einstaklingar</i>									
<i>Lögaðilar</i>	3296	1417	1819	2124	1328	1188	2499	4567	18238
Samtals	3296	1417	1819	2124	1328	1188	2499	4567	18238
Skattrannsóknastjóri									
<i>Einstaklingar</i>	20	25	15	15	10	16	22	9	132
<i>Lögaðilar</i>	3	7	1	1	0	2	5	2	21
Samtals	23	32	16	16	10	18	27	11	153
Tollstjóri									
<i>Lögaðilar</i>								11	11
Yfirsattanefnd									
<i>Einstaklingar</i>	43	32	33	46	40	26	25	38	283
<i>Lögaðilar</i>	2	-	1	1	2	2	1	5	14
Samtals	45	32	34	47	42	28	26	43	297

3. Hver var upphæð sektanna í einstökum tilfellum og heildarupphæðir þeirra á hverju ári?

	Fjármálaeftirlitið	Ríkisskattstjóri	Skattrannsóknastjóri	Tollstjóri	Yfirsattanefnd
2011	54.500.000	696.750.000	34.210.000		239.055.000
2012	9.330.000	308.950.000	58.440.000		266.500.000
2013	27.292.500	331.800.000	33.460.000		305.730.000
2014	26.855.000	452.900.000	32.540.000		355.100.000
2015	48.785.000	283.550.000	31.450.000		338.350.000
2016	39.800.000	263.450.000	18.655.000		243.850.000
2017	219.240.000	2.216.140.000	60.650.000		209.000.000
2018	72.250.000	1.513.920.000	28.230.000	32.718.816	278.900.000

4. Hversu margar þessara sekta voru innheimtar, hversu margar voru felldar niður eða lokið með öðrum hætti? Hversu mörgum þeirra var skotið til æðra stjórnvalds og hver voru afdrif málsins?

Fjármálaeftirlitið (FME) hefur ekki upplýsingar um hversu margar sektir eða dagsektir hafa verið innheimtar. Ákvörðunum FME verður aðeins skotið til dómstóla, sbr. 18. gr. laga nr. 87/1998. Í fjórum tilvikum hafa lögaðilar borið stjórnvaldssektarákvörðun FME undir dómstóla. Í tveimur tilvikum var ákvörðun FME ógilt og í tveimur tilvikum var eftirlitið sýknað. Einu þessara mála var áfrýjað til Landsréttar og biður málið meðferðar hjá dómnum. Fjórir einstaklingar hafa kvartað til embættis Umboðsmanns Alþingis vegna meðferðar mála þeirra hjá FME og var þeim málum lokið án athugasemda af hálfu umboðsmanns. Einn lögaðili bar dagsektarákvörðun FME undir dómstóla, sem lauk með dómi Hæstaréttar þar sem ákvörðun FME var ógilt.

Ákvarðanir ríkisskattstjóra um sektir hafa verið lækkaðar í 5.790 tilvikum, sektir felldar niður í 1.241 tilvikum og greiddar að fullu í 6.359 tilvikum. Upplýsingar um fjölda sekta sem hafa verið greiddar að hluta lágu ekki fyrir.

Tollstjóri beitti álagi í þrettán málum árið 2018, í sjö tilfellum var ákvörðun um beitingu álags skotið til yfirs kattane fndar og er eitt málanna þar enn til meðferðar. Í þremur málanna var ákvörðun um beitingu álags felld úr gildi en í hinum þremur var álagsbeitingin staðfest. Af þeim níu málum sem ákvörðun um álag var staðfest hefur greiðsla borist í sjö málum.

Sektir skattrannsóknarstjóra og yfirs kattane fndar eru endanleg ákvörðun á stjórnsýslustigi og verður því ekki skotið til æðra stjórnvalds. Stofnanirnar sjá ekki um innheimtu sektanna og hafa því ekki upplýsingar um innheimtuhlutfall.

Aðrar stofnanir og stjórnvöld sem heyra undir fjármála- og efnahagsráðuneytið hafa hvorki heimildir til að taka ákvarðanir um stjórnvaldssektir né dagsektir og hafa því ekki verið talin upp hér að framan.